


Landnámsminjar í Sandvík

Björgunarrannsókn



Lísabet Guðmundsdóttir

með viðaukum eftir Guðrúnu Öldu Gísladóttur og Grace Cesario

Reykjavík 2021

FS826-20081



Rannsóknarnúmer

201806-0076

ÞJMS númer

2020-08

Stutt lýsing rannsóknar

Fornleifarannsókn í Sandvík fólst í björgunaruppgreftri á minjum við sjávarsíðuna sem eru í hættu vegna ágangs sjávar

Tegund rannsóknar

Björgunarrannsókn

Staðsetning

Sandvík - Bær - Kaldrananeshreppur - Strandasýsla

GPS hnit

A: 389887 N: 582301

Rannsóknartími

09.08.2020-22.08.2020

Leyfishafi

Lísabet Guðmundsdóttir

Fjöldi starfsmanna

6

Forsíðumynd

Snið öskuhaugsins í Sandvík eftir rannsókn (Myndataka: Howell M. Roberts)

Fornleifastofnun Íslands 2020

Bárugata 3

101 Reykjavík

Sími: 551 1033

Netfang: fsi@fornleif.is Heimasíða: www.fornleif.is

Útdráttur

Fornleifarannsóknin í Sandvík er liður í rannsóknum á landnámi og þróun þess á Ströndum. Upphaf rannsóknarinnar má rekja til rofs við sjávarsíðuna. Ábúendur höfðu vakið athygli á beinum og gripum sem fallið höfðu úr rofabarði við sjávarsíðuna sem leiddi til þess að rannsókn hófst á staðnum til þess að kanna umfang og eðli minjanna. Í rofabarðinu var öskuhaugur frá víkingaöld sem leiddi til frekari rannsókna. Árið 2020 hófst uppgröftur á þeim minjum sem voru í hvað mestri hættu vegna ágangs sjávar. Hluti öskuhaugsins var grafinn, ásamt smáhýsi en að auki komu í ljós lýsisgryfja, sem grafin var að hluta til, og annað mannvirki en hlutverk þess er óþekkt, þar sem það var ekki rannsakað frekar. Benda minjarnar til þess að í Sandvík hafi verið lítið smábýli/nytjastaður sem byggði afkomu sínu að mestu á sjávarútvegi ásamt því að halda lítinn stofn húsdýra. Talið er að byggð hafi laggst snemma af í Sandvík, líklegast fyrir 1100 en sú fullyrðing krefst frekari rannsókna.

Lykilorð

Landnám, loftslagsbreytingar, öskuhaugur, smáhýsi, lýsisgryfja, sjávarnytjar

Excerpt

The archaeological excavation in Sandvík is part of a larger project called Settlement and marine landscape in Strandir, NW Iceland. Due to sea erosion, bones and artefacts have fallen from an erosion bank in a small bay called Sandvík in NW Iceland. A preliminary research revealed a midden from the settlement period. In 2020 an archaeological excavation was conducted on the area which was in most threat from sea erosion. Part of the midden was excavated as well as a small rectangular structure with a stone lined oven and part of a blubber pit. The excavation also revealed a new structure which has not been excavated. The main results suggest that there was a small settlement farm in Sandvík which was heavily reliant on marine resources and subsidised by small scale farming. The farm was in use for a relatively short time and was most likely abandoned before 1100 but that still needs to be confirmed.

Keywords


Settlement, global warming, midden, blubber pit, marine resources

Inngangur	6
Forsaga	7
Aðferðir	10
Fornleifarannsókn	12
Svæði A	12
Öskuhaugur	12
Torflög	18
Dýrabein og gripir	19
Samantekt	20
Svæði B	21
Mannvirki 1	21
Notkunarskeið I	23
Notkunarskeið II	27
Notkunarskeið III	32
Mannvirki 2	33
Mannvirki 3	34
Gryfja	34
Samantekt	37
Niðurstöður	38
Heimildaskrá	40
Viðauki 1	42
Gripaskýrsla	42
Almennt yfirlit: Efni, fjöldi og hlutfall gripa, auk helstu tegunda	43
Umfjöllun	46
Járn	46
Steinar	46
Gler	47
Bein	47
Prjónar	48
Reka	48
Áhald – óþekkt notkun	48
Vaðbeygja	49
Lokaorð	50
Heimildaskrá	50
Viðauki 2 - Dýrabeinagreining	52

Introduction	54
Methods	54
The Sandvík Archaeofauna.....	54
Analysis	55
Discussion and Future Research	58
Bibliography	59
Skrár	62
Fundaskrá.....	62
Sýnaskrá	73
Jarðlagaskrá.....	74
Ljósmyndaskrá	82

Inngangur

Sandvík er lítil vík í landi Bæjar í Kaldrananeshreppi á Ströndum. Síðastliðinn áratug hafa gripir og bein verið að falla úr rofabarði við sjávarsíðuna sem landeigendur hafa hirt og vakið athygli minjayfirvalda á. Vegna aukinnar stormvirkni og ágangs sjávar hefur rof aukist verulega í Sandvík og orðið ljóst að ef bjarga á þessum minjum með einhverju móti þarf að hafa hraðar hendur. Fornleifauppgröftur fór fram dagana 9. ágúst til 21. ágúst 2020. Stjórnandi rannsóknar var Lísabet Guðmundsdóttir sem auk þess sá um úrvinnslu. Að vettvangsrannsókn komu fornleifafræðingarnir Howell M. Roberts, Þóra Pétursdóttir, Lilja Pálsdóttir og Alva McGowen auk fornleifafræðinemans Björns Guðjónssonar. Guðrún Alda Gísladóttir sá um griparannsókn og -skýrslu og Grace Cesario sá um bráðabirgðagreiningu á dýrabeinum.



Mynd 1. Á kortinu hefur rannsóknarsvæðið verið merkt inn á með appelsínugulum ferning.

Rannsóknin var unnin í góðu samstarfi við landeigendur Bæjar, þau Mörtu Guðrúnu Jóhannesdóttur og Bjarna Þórisson og eiga þau miklar þakkir skildar fyrir liðlegheit, matarboð og varðelda. Auk þess vil ég þakka þeim sem lögðu hönd á plóg og aðstoðuðu við sandmökstur, en ekki er lítið af sandinum í Sandvík, sem og þeim sem sýndu rannsókninni áhuga. Þess ber að geta að rannsóknin fór fram í miðjum veirufaraldri og þurftum við að fara eftir settum sóttvarnareglum eins og gefur að skilja hafði áhrif bæði á rannsóknina sjálfa auk þeirra kynningarviðburða sem áætlað var að halda. Það gat verið krefjandi að stunda

fornleifarannsóknir og halda fjarlægðartakmörk bæði innan hóps og utan en það hafðist allt að lokum.



Mynd 2. Uppgrafarteymið fyrri vikuna. Björn, Þóra, Lísabet og Howell.



Mynd 3. Uppgrafarteymið seinni vikuna. Howell og Lilja standa en sitjandi eru Alva, Björn og Lísabet.

Forsaga

Sandvík er lítil vík suðaustan við núverandi bæjarstæði Bæjar í Kaldrananeshreppi á Ströndum. Bæjar er fyrst getið í heimildum frá árinu 1397, nánar tiltekið í máldaga Kaldrananeskirkju (DI III 1896:89). Hins vegar er minnst á Grímsey, sem er eyja um 1800 m suðaustan við Sandvík, í Landnámu. Samkvæmt þeirri heimild fór kona að nafni Bergdís ásamt Grími manni sínum og syni Þóri, frá Haddingjadal (sem í dag kallast Hallingdal í Noregi) í landaleit til Íslands. Voru þau um veturinn í Grímsey á Steingrímsfirði en sama vetur lést Grímur á sjó. Bergdís og Þórir fóru um vorið úr Grímsey. (ÍF I 1968). Þar sem ekki

er rennandi vatn í eygni hefur verið giskað á að landnámsbýlið hafi verið í Sandvík en ekki á Grímsey (Lísabet Guðmundsdóttir 2019). Björn Guðjónsson, fornleifafræðinemi, er fæddur og uppalinn á Bakkagerði, rétt austan við Sandvík, samkvæmt Birni voru mikil umsvif á svæðinu á fimmta áratug síðustu aldar. Vitinn í Grímsey var byggður, bryggjan á Drangnesi var lengd, auk þess var frystihúsið á Drangnesi byggt. Fyrir öll þessi mannvirki var tekinn sandur í Sandvík. Björn telur að við sandtökuna hafi komið upp járnarusl sem var kastað í burtu og meðal þess var sledda sem finnst skömmu síðar af Bjarna Guðmundssyni (f. 1927), sem talin er að hafi verið notuð til þess að skera hval eða sel. Sá gripur er nú týndur og tröllum gefinn. Loftur Bjarnason (f. 1965] fann síðar sverð fyrir ofan við ruslahauginn á barnsaldri en ekki er vitað hvað varð um það. (Lísabet Guðmundsdóttir 2019). Árið 2001 var jörðin skráð ásamt öðrum bæjum í Kaldrananeshreppi af Ragnari Edvardssyn (Ragnar Edvardsson 2002). Ábúendur hafa í gegnum árin fundið bein og grip, sem hafa fallið úr rofabarði við sjávarsíðuna, og haldið til haga. Árið 2014 greindi Albína Huld Pálsdóttir dýrabeinin, í allt 18 dýrabein, sem reyndust vera úr svíni, nautgripum, fiskum, sel, og mögulega rostungi. Albína dregur þá ályktun vegna svínabeins að haugurinn hafi hlaðist upp fyrir 1300 (Albína Pálsdóttir og Bergsveinn Birgissveinn 2015). Minjavörður Vestfjarða kannaði aðstæður árið 2015 og árið eftir gerðu starfsmenn Minjastofnunar Íslands frumkönnun á svæðinu. Loftmyndir voru teknar með flygildi, tóftir mældar upp og snið hreinsað. Bein úr stórgrip sem fannst í einu af neðsta mannvistarlaginu var aldursgreint og reyndist vera frá tímabilinu 777-973 e.Kr. með 95% öryggi, þeir bentu einnig á að brýn nauðsyn væri á fornleifarannsókn þar sem minjar eru í stórhættu vegna ágangs sjávar (Einar Ísaksson et al. 2018). Þrívíddarlíkan var gert af Sandvík árið 2017 af starfsmönnum Fornleifastofnunar Íslands og Háskólasafnsins í Bergen, auk þess voru rannsóknarmöguleikar metnir. Árið 2018 hófst samstarfsverkefni á vegum Háskólasafnsins í Bergen og Fornleifastofnunar Íslands sem fólst í frekari rannsókn á minjunum í Sandvík og athugun á hvort fleiri minjar leyndust undir yfirborði. Borkjarnarannsókn var gerð í 10x10m reitum í allri víkinni, snið öskuhaugsins var hreinsað og teiknað. Auk þess var grafið frá haugnum og kannað hvort minjar væru undir honum og við, könnunarskurður var grafinn í naust sem er austast í víkinni og í tóft sem uppgötvaðist við borkjarnarannsókn. Sú tóft er um 30 m vestan við öskuhauginn, veggir voru úr strengjatorfi og voru gólflög vel varðveitt. Sandlög voru á milli gólflaga og var því talið að þarna væri um að ræða búð sem notuð var árstíðabundið. Aldursgreining á birkikoli úr gólflagi búðarinnar leiddi í ljós aldur frá 7. til 8. öld. Hins vegar

hafa aldursgreiningar á viðarkoli á Íslandi oft gefið hærri aldur en rétt reyndist.

Aldursgreiningar á dýrabeinum úr öskuhaugi staðfestu fyrri aldursgreiningu, hann hefur hlaðist upp á 9. til 10. öld (Lísabet Guðmundsdóttir 2019). Árið 2019 var óvenju stormasamt og því fylgdi að auki há sjávarstaða sem leiddi til talsverðs landbrots í Sandvík, því var ljóst að nú yrði að hafa hraðar hendur því ekki þarf mikið til þess að minjarnar hverfi algjörlega í sjóinn. Á árinu 2020 hlaut rannsóknin styrk úr Fornminjasjóði og frá Háskólasafninu í Bergen til þess að rannsaka þær minjar sem eru í hvað mestri hættu. Markmið rannsóknarinnar árið 2020 er að fullgrafa meinta búið, öskuhaug og timburmannvirki sem þar er undir.

Landslag á Ströndum einkennist af litlu undirlendi, land er hrjóstrugt og hentar illa til landbúnaðar. Það þykir ólíklegt að Strandamenn hafi getað lifað á hefðbundnum landbúnaði einum sérstaklega við landnám þegar ekki var búið að koma upp bústofni (Ragnar Edvardsson 2002). Strandir eru hins vegar afar ríkar af auðlindum eins og rekaviði, fiski, sjávarspendýrum, fugli og jafnvel rostungum og hafa þær mögulega verið meðal ástæðna þess að Ísland var numið með töluverðum hraða og því má leiða líkur að svæði eins og Strandir hafi verið numin tiltölulega snemma í landnámsferlinu. Hins vegar er almennt talið að Vestfirðir hafi verið numdir síðar en til að mynda svæði sem henta betur fyrir hefðbundinn landbúnað (Ragnar Edvardsson 2002). Ragnar Edvardssonar bendir hins vegar á að þrátt fyrir að svæðið sé óhagstætt er kemur að landbúnaði þá er það afar vel staðsett ef nálgast þurfti náttúrulegar auðlindir. Sá sem stjórnað þeim, annað hvort með aðgengi að þeim eða hreint eignarhald, gat þar af leiðandi fljótt orðið vel stæður og valdamikill. (Ragnar Edvardsson and McGovern 2005, Ragnar Edvardsson 2010). Rannóknir í Vestur Noregi hafa sýnt fram á mikilvægi þess að horfa á búskaparhætti með öðrum augum en eingöngu út frá húsdýrahaldi. Not af náttúrulegum hlunnindum eins og sjávarnytjum, veiði, tré til kolagerðar, mýrarrauði til járnvinnslu, kléberg til ílátagerðar og flöguberg til þess að framleiða brýni voru hluti af hefðbundnu búskaparháttum og er þá talað um á ensku *infield resources* og *outfield resources* sem mætti útleggja sem auðlindir innan túns og utan túns (Øye 2003). Á Vestfjörðum hafa auðlindir utan túns (e. *Outfield resources*) skipt höfuðmáli til þess að komast af, bæði til þess að halda sér og sínum og framleiða varning til sölu eða vöruskipta. Áætlað er að gera tilraunir til þess að bera saman áþekk bæjarstæði í Noregi, þar

sem er lítið undirlendi og stutt í sjávarnytjar.¹ Til þess að sannreyna þessar hugmyndir er áætlað að gera grunnkönnun á bæjarstæðum í Kaldrananeshreppi og er rannsóknin í Sandvík hluti af þeirri rannsókn. Leitast verður við að svara spurningunum hvenær búseta hófst í Sandvík, hvers eðlis hún var, hvort hún var árstíðabundin og því tengd auðlindanýtingu eða hvort búsetan var föst. Þá verður spurt hve miklu máli veiðar skiptu og hve miklu hefðbundinn landbúnaður. Ef þar var föst búseta, var þá eingöngu sjálfspurftarbúskapur, eða var framleiddur varningur til sölu eða vöruskipta? Að lokum verður svæðið rannsakað í víðara samhengi og borið saman við áþekk bæjarstæði í Noregi og Grænlandi.

Aðferðir

Við fornleifauppgröft var notast við einingaaðferðina (e. Single context recording). Hver eining (jarðlag, mannvistarlag, niðurgröftur eða byggingarhluti) er ákveðinn atburður í uppbyggingu þeirra minja sem verið er að grafa. Hver eining er afmörkuð út frá tegund, lit og áferð, hún skráð á þar til gerð einingablöð, teiknuð eða mæld upp og ljósmynduð. Hver eining fær hlaupandi númer sem haldið er saman í einingaskrá. Öll gólflog voru sigtuð í 4 mm sigti á vettvangi ásamt lögum í öskuhaugi. Í þessari rannsókn voru öll lög mæld inn með alstöð í Isnet 93 hnitakerfi, hverjum einasta punkti fylgir X og Y hnit ásamt hæð yfir sjávarmáli. Gögnin voru færð inn daglega í landfræðileg upplýsingakerfi, nánar til tekið í Qgis. Að auki voru einingar færðar jafnóðum í flæðirit (e. Harris Matrix), það heldur utan um samhengi eininganna og auðvelt er að fylgjast með því hvaða jarðlag liggur ofan á hverju, þar af leiðandi hvaða jarðlag er eldra og yngra. Gripir voru mældir upp í því jarðlagi sem þeir fundust, öll dýrabein voru hirt en voru ekki mæld inn sértaklega. Snið voru handteiknuð í hlutföllunum 1:20. Uppgraftarsvæðin voru tvö, A og B. Á svæði A var öskuhaugur og var uppgraftarsvæðið 7 m á lengd og 3 m á breidd. Á svæði B var smáhýsi, brot af mannvirki ásamt gryfju og var uppgraftarsvæðið 8,4 m á lengd og 5,6 cm á breidd.

¹ Verkefnið er samstarfsverkefni Fornleifastofnunar Íslands og Háskólasafnsins í Bergen. Sjá: <https://www.uib.no/fg/coastark/113775/aktiviteter#sandv-k-strandas-sla-p-island-migrasjon-og-landn-m-og-maritime-relasjonar-i-vikingtid>



Mynd 4. Á loftmyndinni má sjá staðsetningu svæðanna, svæði B er vestan megin á myndinni og svæði A að austanverðu.
(Loftmynd: Morten Ramstad)

Fornleifarannsókn

Svæði A

Öskuhaugur


Í Sandvík eru tveir hólar og sín kartöflugeymslan á hvorum, báðar frá 20. öld. Á milli hólanna hefur meginþorri sandtökunnar átt sér stað sem fram fór um miðja síðustu öld. Talsvert landbrot hefur orðið fyrir neðan eystri hólinn og þar kom öskuhaugurinn í ljós.

Elsta mannvirkið á svæðinu er timburmannvirki, hvert hlutverk þess var er óljóst en mögulega hefur verið smíðuð lítil bryggja eða prammi til þess að skera hval eða sel.



Mynd 5. Timburmannvirki sem fannst árið 2018. Yfir bolunum eru timburfjalir sem augljóslega eru unnar. (Mynd tekin í N)


Þunn öskulög voru yfir timburmannvirkinu og svo tiltölulega þykkt sandlag, sjá sniðteikningu á mynd 6. Ekki gafst tími til þess að grafa þetta mannvirki á þessu uppgraftartímabili, né elstu mannvistarlögin



Mynd 6. Sniðteikning af öskuhaugnum og timburmannvirki frá 2018 ásamt aldursgreiningum. (Lisabet Guðmundsdóttir 2019.)


Eining	Lýsing
114	Yfirborðslag, aðallega sandur ásamt fokmold
115	Sendið silt lag, appelsínugult og brúnt, fokmold
116	Dökkgrátt sendið silt með kolum, inn á milli eru smáir steinar og bein
117	Gróft sandlag
118	Grábrúnt sendið silt, talsvert af kolum ásamt beinum, brenndum og óbrenndum
119	Dökk grár grófur sandur með skeljabrotum, talsvert af steinum sem eru um 20 cm í þvermál
120	Brúnt og bleikt lag, aðallega móaska, í laginu fannst kjálki úr nautgrip
121	Sandlag, með kolum inn á milli
122	Grábrúnt sandlag með kolum ásamt þykku lagi af beinum
123	Sama og 122
124	Dökkgrátt sendið silt lag með viðaröskulinsum og kolum
125	Gulgrátt sendið lag með hátt hlutfall járns
126	Sandlag með kolum og beinum í
127	Dökk grár sandur með appelsínugulum og brúnum silt linsum
128	Appelsínugult og grátt sand- og malarlag. Hátt hlutfall er af köntuðum sprungnum steinum, járnpanna
129	Járnpanna og óhreyfð möl

Sandlag [127] á sniðteikningu er enn ógrafið og lögin þar fyrir neðan. Ekki var notast við sama númerakerfi og árið 2018 en reynt verður að samræma númer eftir bestu getu.




Mynd 7. Snið öskuhaugsins undir lok uppgrافتar 2020. (Mynd tekin í N)

Elsta lagið í öskuhaugnum var kolalag [584] (Lag [124] á sniðteikningu). Lá það ofan á sandlagi [127] á sniðteikningu. Lagið var blandað, sendið og leirkennt með móöskuflekkjum, beinum og töluvert af kolum. Ofan á því var beinalag [579] (Lag [122] á sniðteikningu), það var um 8 cm á þykkt og samanstóð nær eingöngu af beinum, mjög áþekkt lagi [569]. Sandlag [578] var í austurhlíð dældarinnar, fók með örfáum kolaögnum í.



Mynd 8. Teikning af elstu lögunum í öskuhaugnum. Viðurinn er undir sandlagi sem þessi lög liggja ofan á og er því eldri.

Ekki er talið um að hér sé um að ræða hlé í búsetu, við rannsókn kom í ljós að slíkt foksandslag gat myndast á örskömmum tíma. Yfir sandlagi [578] og [579] var lag [569], það var dökkbrúnt með töluvert af kolum, brenndum beinum, fiskibeinum, einstaka hvalbeinum og eldsprungnum steinum. Lagið var mjög feitt viðkomu, ekki ósvipað viðkomu og eitt af feitu góflögum í smáhýsinu á svæði B. Lög [564]. Lög [561] og [559], [545] voru sendin lög vestantil á svæðinu og voru að mestu utan öskuhaugsins. Austan við sandlögin og yfir lagi [569] var lag [560] það var einnig frekar sendið og laust í sér en í því voru eldsprungnir steinar og töluvert af kolum.




Mynd 9. Teikning sem sýnir staðsetningu laga [569], [564], [561] og [560]

Yfir því og í miðjum öskuhaug var svart sendið fokmoldarlag [553] með kolum beinum og steinum, það var mjög laust í sér. Lög [552], [551] og [550], voru minni lög, fyrir miðjum haug, þau voru mismunandi sín á milli en öll kolarík, lag [552] var með meira af dýrabeinum en hin fyrrnefndu. Yfir litlu lögunum fyrrnefndu var sótlag [541] sem náði yfir alla dældina, það var dökkgrábrúnt, í því var hátt hlutfall af kolum auk þess öskuflekkir og eldsprungnir steinar. Allnokkuð var af brenndum og óbrenndum beinum í laginu.




Mynd 10. Loftmynd af öskuhaugi, á myndinni sést dældin sem öskuhaugurinn hefur hlaðist upp í. (Loftmynd: Lísabet Guðmundsdóttir)



Mynd 11. Teikningin sýnir staðsetningu laga [541], [539], [535] og [533].

Yfir því upp við norður snið svæðisins var lag [539] sem samanstóð af ösku og kolum og er líklegt að þarna hafi verið hent úrgangi úr eldstæði í hauginn. Þar fyrir ofan voru lög [535], [533] og [532] sem öll voru blönduð og dökk á lit, talsvert var af brenndum beinum í lagi [535], móöskulinsur og eldsprungnir steinar á meðan hin tvö voru einsleitari. Öskulag [531] er lítið lag fyrir miðjum öskuhaugi, yfir lagi [535] sem, líkt og lag [539], virðist hafa verið úrgangur úr eldstæði og líklegast er um að ræða einn einstakan viðburð, lagið samanstóð aðallega af móösku, brenndum beinum og kolum. Lög [530], [527], [526], [525] og [524] eru að mestu samtíða, lag [530] er við jaðar dældarinnar að vestanverðu en lag [527] við

jaðarinn að austanverðu. Lög, [526], [525] og [524] eiga það sammerkt að vera afar feit viðkomu og minna um margt á feitu góflögin í smáhýsinu.



Mynd 12. Teikningin sýnir staðsetningu laga [532], [531], [530], [527], [526], [525] og [524]

Yfir lagi [525] var þétt beinalag [523] og samanstóð nær eingöngu af fiskibeinum sem voru nánast eins og smjör viðkomu. Yfir fiskibeinslaginu var sandlag [522], einstaka kol voru í laginu svo líklegast er um áfok að ræða. Lög [523] og [522] virðast vera yngstu lögin í öskuhaugnum. Hins vegar byrja að hlaðast upp blönduð torflög þar ofan á, annað hvort er um að ræða hrun úr íveruhúsum og búseta er að mestu aflögð, eða að torf er vísvitandi lagt yfir öskuhauginn.

Torflög

Torf [520] og [517] voru austan og vestan megin við dældina, og líktust hvað helst torfi sem hafi verið hlaðið umhverfis dældina á öskuhaugnum. Torfið var þétt, rauð-brúnt og brún-appelsínugult, í lagi [517] voru sjö steinar sem virðast hafa verið raðað meðfram torfinu. Vestan við torf [517] voru torfblönduð lög [515] og [513], hið fyrrnefnda var rauðgrábrúnt og appelsínugult á lit með einstaka kolum í, lagið var mjög sandríkt, torflag [513] var hins vegar lagskiptara, með sandlinsum á milli torflaga en bæði lög eru talin vera torfhrun úr nálægri byggingi. Yfir lögum [515] og [513] var lag [512], sem var sendið með torflinsum og eldsprungnum steinum. Þar yfir var torflag [511], það líktist hvað helst torfum sem komið var fyrir ofan á haugnum, eins og áður hefur komið fram en í laginu voru einnig eldsprungnir steinar og einstaka kol. Lögin sem þar liggja ofan á, lög [509], [508], [504], [502] og [501] eiga það öll sammerkt að vera torfblönduð og sendin. Í lögum [504] og [502] voru einstaka móöskuflekkir og kol. Hins vegar er hætt að kasta rusli í hauginn og búseta líklegast að

mestu aflögð en ef til vill var svæðið notað stöpt á þessu tímabili. Yfir torfinu var þykkt sandlag/yfirborðslag [500]=[114] sm hefur myndast þegar búsetu á svæðinu er með öllu lokið.



Mynd 13. Á myndinni sést glögglega skýr skil á milli torflaga, brún-appelsínugul lög efst í sniðinu og öskuhaugs, dökkbrúnu lögin. (Mynd tekin í N)



Mynd 14. Á myndunum má sjá Þóru, Howell og Bjössu að fjarlægja yfirborðslag [500] af öskuhaugnum.

Dýrabein og gripir

Grace Cesario, dýrabeinafornlifafræðingur, hefur gert grunngreiningu á dýrabeinasafninu í haugnum, í allt fundust 4445 bein í haugnum, fjöldi greinanlegra beina (NISP) var 2791. Um 85% af safninu voru fiskibein og eru vísbendingar um umframvinnslu á fiski sem hefur verið fluttur af svæðinu. Um 11% af dýrabeinasafninu tilheyrði húsdýrum og um 4% beinasafnsins tilheyrðu fuglum, selum og hvölum. Ef eingöngu bein húsdýra eru skoðuð tilheyrðu 62% beina kindum eða geitum, 19% nautgripum, 16% svínum og 3% hestum.² Þessi grunngreining gefur greinilega til kynna að fiskur skipti höfuðmáli í lífi Sandvíkinga. Þegar eingöngu húsdýrin eru skoðuð vekur áhuga fjöldi svínabeina. Samkvæmt Grace eru þetta

² Greining dýrabeina er enn í vinnslu.

ung dýr sem gefur til kynna að tilraun hafi verið gerð til þess að halda svín á svæðinu. Á heildina litið kemur þó skýrt fram að sjávarauðlindir skipuðu stóran sess í Sandvík, um 89% af beinasafninu eru villtar tegundir sem bendir til þess að bæjarstæðið hafi veirð valið út frá nálægð við þessar auðlindir.

Guðrún Alda Gísladóttir, gripasérfræðingur, hefur séð um greiningu gripa úr rannsókninni (sjá gripafræðiskýrslu). Það sem vakti áhuga okkar á vettvangi var fjöldi náttúrusteina sem fundust bæði í öskuhaug og í smáhýsinu. En samkvæmt yngri heimildum var trú manna á svokallaðra náttúrusteina rík á svæðinu á 18. öld og líklegast er sú trú á byggð á mjög gömlum grunni (Ólafur Olavius 1964). Að sögn Guðrúnar eiga gripirnir það helst sammerkt að vera frekar hefðbundnir, ekkert óþarfa skraut og vel notaðir. Gripa- og dýrabeinasafn bendir til þess að þarna bjuggu meðal- eða smábændur sem byggðu sína afkomu á sjávarútvegi (sjá dýrabeinaskýrslu).



Samantekt

Öskuhaugurinn í Sandvík er forn, aldursgreining á beinum úr lagi [122]/[579] leiddi í ljós að hann kann að hafa verið í notkun á tímabilinu frá 900-1000, jafnvel lengur þar sem ekki er aldursgreining á efstu lögnum í haugnum. Timburmannvirkið, elstu mannvistarleifarnar á svæðinu, er órannsakað enn sem komið en vonandi gefst tækifæri til þess á komandi uppgraftartímabili. Til þessa hefur höfundur þessarar skýrslu ekki fundið jafn vel varðveitt timburmannvirki á Íslandi og er það einstakt. Öskuhaugurinn sjálfur myndaðist í dæld við sjávarmálið. Þrátt fyrir borkjarnarannsókn hefur íveruhús, að öllum líkindum skáli, enn ekki fundist. Hins vegar hefur kom í ljós að sandurinn sem liggur yfir minjunum getur verið allt að þrjú metrar á þykkt og borinn sem notaður er nær ekki nema 85 cm. Hins vegar er rökrétt að íbúar hafi kastað rusli í átt að sjó og því má leiða líkum að því að íveruhús hafi verið norðan við hauginn. Torflög sem voru yfir haugnum tilheyra að öllum líkindum hruni úr torfveggjum

íveruhússins sem einnig gefur til kynna að húsið sé skammt frá. Öskuhaugar eru oft á tíðum besti glugginn inn í fortíðina, þangað henti fólk matarleifum, sem gefur til kynna hvað fólk borðaði og þar með fæst innsýn í hvernig húsdýrahaldi var háttað ásamt mikilvægi sjávarnytja. Úrgangur úr eldstæðum gefur til kynna hvað var notað til upphitunar, mór eða timbur. Gripir sem eru úr sér gengnir gefa til kynna hvað fólk notaði í hinu daglega lífi og gefa jafnframt vísbendingar um tísku. Úrvinnsla stendur enn yfir og eiga þessir þættir eftir að skýrast þegar á líður. Í Sandvík voru auðlindir úr hafi lífsnauðsynlegar til að komast af, fiskur, selur, hvalur og sjófuglar. Húsdýrahald var í raun aukabúgrein en dýrabein gefa þó til kynna að á bænum voru kindur/geitur, nautgripir, svín og hestar. Til eldsneytis var notað timbur, grádrapplitið aska benti til þess, að auki var talsvert af sóti og kolum ásamt mó. Kol hafa ekki verið greind en greining á þeim myndi sýna fram á hvort rekaviður hafi verið notaður eða innlendar trjátegundir. Gripir voru vel notaðir og slitnir, margir hverjir ef ekki flestir unnir úr innlendum efniviði.



Mynd 18. Hvalbein sem fannst ofarlega í öskuhaugnum. Þóra tekur ljósmynd, Björn og Howell fylgjast með. (SAN20-08-02)



Mynd 19. Blá glerperla úr smáhýsinu. (SAN20-08-37)



Mynd 20. Steinn með slípuðum botni, mögulega tafímaður. (SAN20-08-

Svæði B

Mannvirki 1

Um 30 m vestan við öskuhauginn, fyrir neðan og undir sandhól, fannst mannvirki við borkjarnarannsókn árið 2018. Sama ár var grafinn skurður til þess að kanna hlutverk mannvirkisins og aldur. Þar sem ekki eru gjóskulög á svæðinu þurfti að nálgast sýni til aldursgreininga. Talið var að mannvirkið hefði verið notað árstíðarbundið þar sem sandlög

voru á milli gólflaga og um væri að ræða búð sem var notuð við nýtingu á náttúrulegum auðlindum á svæðinu eins og fiski, fugli og sjávarspendýrum. Aldursgreining á birkikoli úr gólfi mannvirkisins leiddi í ljós að um afar gamalt mannvirki er að ræða, líklegast frá fyrstu árum búsetu í landinu, jafnvel fyrr (Guðmundsdóttir 2019). Hins vegar hefur verið sýnt fram á að kolefnisaldursgreining á birkikolum gefur oft hærri aldur en hinn raunverulega. (Árný Sveinbjörnsdóttir et. al. 2004, Schmidt 2018). Áætlað var að opna svæðið handvirkt en þar sem mannvirkið reyndist stærra en talið var og undir um það bil 2,5-3 m af sandi reyndist það óraunhæft.




Mynd 21. Fyrsta tilraun til þess að opna svæðið handvirkt. (Mynd tekin í N)

Því var fengin vélgrafa til þess að grafa fram mannvirkið. Svæðið varð í heild sinni 8 x 6,4 m. Syðst, við sjávarmálið, var tiltölulega lítill jarðvegur yfir mannvirkinu en þykknaði þegar norðar dró. Augljóst var að töluvert hefur kvarnast af mannvirkinu vegna ágangs sjávar í gegnum tíðina en það svæði hefur náð að gróa á nýjan leik. Varðveitt lengd mannvirkisins að innanmáli var 3,6 m og breidd 2,5 m og að utanmáli 4,8 x 3,3 m, en hafa ber í huga að austurhluti mannvirkisins og suðurendi hafa ekki varðveist vegna sjávarrofs. Að öllum líkindum hafa dyr verið á suðurenda. Hægt var að skipta mannvistarlögum mannvirkisins í þrjú notkunar skeið, skeið I, II og III. Á elsta skeiðinu hefur mannvirkið að öllum líkindum verið nýtt til spuna þó að hlutverk þess hafi að öllum líkindum verið margþætt, síðar var mannvirkið nýtt árstíðabundið sem kann að tengjast lýsisbræðslu og annarri auðlindanýtingu á svæðinu. Mannvistarlög í yngsta skeiðinu tilheyra því skeiði þegar byggingin er komin úr notkun og tengist hruni og niðurbroti mannvirkisins.

Notkunarskeið I

Mannvirkið er reist skammt frá sjávarbakknum, að því er virðist, í smáhalla til vesturs.

Torfveggur mannvirkisins, torfveggur [597], var strenghlaðinn, appelsínugulur, fjólublár og grásvartur á lit, breidd veggjarins var frá 40 cm til 60 cm og frá 20 til 50 cm á hæð. Hver strengur var um 3 cm á þykkt. Veggnum hefur verið raskað að sunnan og austanverðu vegna sjávarrofs en það sem er varðveitt af veggnum er L-laga en mannvirkið virðist hafa verið nánast ferhyrnt að lögun. Veggurinn liggur á hreinum sandi en að öllum líkindum hefur gróðurþekja verið á svæðinu þegar veggurinn var hlaðinn.



Mynd 22. Á myndinni má sjá eldri og yngri torfvegg hússins. Upphaflegi veggurinn, veggur [594] er þéttari og en sá yngri [558] er með fjölmörgum sandlinsum í strengjum. (Mynd tekin í N)

Um 14 cm frá vesturlangvegg var lítið eldstæði, í botni voru flatar eldsprungnar hellur, [615] en yfir þeim var svart til bleikt móösku-, sót- og kolalag [614]. Þetta eldstæði virðist ekki hafa verið notað lengi, því að gólfslag [612] myndast mjög fljótt ofan á eldstæðinu. Auk þess er ofn [568] hlaðinn síðar við norðvesturenda byggingarinnar og er elsta skeið ofnsins samtíða gólfögunum, eldstæðin voru þar af leiðandi ekki í notkun samtíða.




Mynd 23. Eldstæði [614]/[615]. (Mynd tekin í V.)



Mynd 24. Eldstæði [614]/[615] að vestanverðu en á myndinni sést einnig ofn [568] sem er yngri. (Mynd tekin í NV)

Elstu gólfög mannvirkisins eru [613] og [593], þessi lög eru samtíða og geta þar af leiðandi verið samtíða eldstæði [615]. Lögina eru bæði þétt, en hið fyrrnefnda er brúngrænt á lit með móöskuflekkjum en hið síðarnefnda er appelsínugult út í brúnleitt en einnig með móöskuflekkjum. Yfir gólfi [613] og eldstæði[615] var gólfag [612], það samanstóð aðallega af móösku og kolum. Upp við vesturlangvegg, yfir eldstæði og gólfi [612] var torfríkt lag [592], í því var auk þess röð af eldsprungnum lóbörðum steinum sem virðist hafa verið raðað meðfram veggnum. Ekki er vitað hver tilgangurinn var en ljóst er að þeim var raðað, og þeir þjóna engum tilgangi í byggingunni. Í laginu fannst snældusnúður úr rauðum sandsteini (gripanúmer: SAN2020-08-38) auk náttúrusteins sem kann að hafa verið nýttur sem tafлмаður þar sem ein hliðin var slétt (gripanúmer: SAN2020-08-39).




Mynd 25. Á kortinu má sjá staðsetningu elstu gólflaganna ásamt eldsprungnu steinum með fram vestur langvegg.

Nyrst í mannvirkinu var sendið áfokslag [591]. Það lá að hluta til ofan á óhreyfðum sandi en ofan á gólflögum [612] og [613]. Hér virðist hafa átt sér stað hlé í búsetu eða notkun á mannvirkinu. Yfir lagi [591] og að hluta til yfir gólflögum [612] og [613] lá gólflag [590] sem samanstóð aðallega af mjög þéttri móösku með talsverðu of kolum í. Pinnaholur [586], [595]-[611] voru í tveimur þyrpingum, þær voru grafnar í gegnum [612] og [613] en voru undir gólflagi [590]. Flestar voru þær frekar grunnar, frá 2 cm til 6 cm á dýpt, og þvermál frá 2 cm til 5 cm, flestar voru þær um 3 cm. Ekki er ljóst hvað þarna hefur staðið, en væntanlega eitthvert húsgagn sem hefur verið hreyft úr stað. Norðar voru tvær pinnaholur til viðbótar, pinnahola [580] og [581] sem voru yngri en þyrpingarnar tvær þar sem gólflög [583] og [585] lágu yfir þeim en yngri pinnaholurnar eru skornar í gegnum gólflög [582] og [583]. Ein tilgátan er að þarna hafi verið vefstaður. Hins vegar eru engir kljástear í mannvirkinu eins og ætla mætti ef þarna hafi veri vefstaður.



Mynd 26. Tvær pinnaholupyrpingar. (Mynd tekin í A)



Mynd 27. Teikning af ofni [568] ásamt samtíða lögum.

Í austanverðu húsinu var kassalaga ofn [568], hlaðinn úr flötum hellum, ofninn var um 48 cm breiður og um 50 cm djúpur, ekki er ljóst hver hæð hans hefur verið þar sem hann var hruninn en miðað við þær hellur sem enn standa hefur hann verið um 40 cm hár. Hellurnar hafa fallið til suðurs og eru hellurnar á syðri hlið alveg fallnar en að norðanverðu hallast þær. Ofninum hefur verið raskað að vestanverðu en þar eru nokkrir steinar varðveittir að því er

virðist á sínum stað. Í botni ofnsins voru fjórar eldsprungnar hellur [587] og ofan á hellunum móöskulag [588] sem var appelsínugult-bleikt á lit með svörtu sóti en engum kolum. Hér hefur því eingöngu mór verið nýttur til upphitunar. Yfir gólflagi [583] var móöskuríkt lag [558], það er mjög þjappað en er að mestu öskudreif úr ofninum.




Mynd 28. Eldra notkunarskeið á ofni [568]. (Mynd tekin í A)

Þrátt fyrir að upprunalegt hlutverk mannvirkisins sé enn á huldu fundust ýmsar vísbendingar sem auðvelda túlkun. Á þessu skeiði fannst snældusnúður, ein blá glerperla og náttúrusteinar, jaspis (eldtinna), járn nagli auk fjöldinn allur af eldsprungnu grjóti. Stærð, lögun, gripir og ofninn minna mjög á jarðhýsi sem oft finnast á víkingaaldar bæjarstæðum. Þessi bygging er hins vegar ekki niðurgrafin enda hefur það ekki verið hægt í svo sendnu landslagi. Hins vegar kann upphaflegt hlutverk hússins að hafa verið hið sama og margra jarðhýsanna sem hingað til hafa verið rannsökuð og oftar en ekki tengd við iðju kvenna eins og vefnað og spuna (Milek 2012).

Notkunarskeið II

Ofan á gólflagi [582], sem tilheyrði notkunarskeiði I, var gólflag [577] og lá það yfir pinna holuþyrpingunni sem var nær ofninum. Lagið samanstóð að mestu af móöskudreif úr ofninum sem síðar hefur verið gengið á. Nyrst í mannvirkinu var móöskulag [576], það var frekar laust í sér, sendið og örþunnt, einstaka viðarkol voru í laginu. Gólflög [575], [574] og [573] voru móöskublönduð gólflög, þau voru samtíða, frekar lítil en frábrugðin hvort öðru. Gólf [575] var syðst í tóftinni, laust í sér, blandað og samanstóð af blandaðri móösku. Það var raskað vegna skurðar sem grafinn var 2018 og vegna sjávarrofs. Gólflag [574] var þétt móöskulag fyrir miðri tóft, í því voru frekar stórir kolamolar, lá það yfir pinnaholuþyrpingu sem er í vestanverðri tóft. Nyrst í tóftinni var gólflag [573], gólfið var þétt og torfblandað. Í því var einnig fjöldi eldsprunginna steina sem flestir voru um 15-20 cm í þvermál. Yfir gólfi

[573] og norðan við ofn [568] var lag af eldsprungnum steinum, eining [572]/[538], flestir hnefastórir en einnig voru örfáar hellur sem virðast hafa hrunið úr ofninum. Ef til vill voru steinarnir geymdir norðan við ofninn áður en þeir voru hitaðir upp á nýjan leik.



Mynd 29. Staðsetning gólflaga í yngra byggingarskeiði.

Gólflag [563] var þétt móöskulag sem náði yfir nánast allt miðbik tóftarinnar og yfir gólflög [575], [574] og [573]. Gólflag [557] var að vestanverðu í tóftinni, mjög feitt, dökkt, nánast svart á lit með torfskellum. Gólflag [563] var torfblandað með feitum dökkbrúnum lífrænum skellum. Það var frábrugðið öðrum gólflögum í tóftinni, þar sem í því var engin móaska og hversu lífrænt það virtist vera. Bendir það til þess að notkunin hafi verið önnur en fyrr. Á milli gólflaganna voru sandlög sem bendir til að húsið hafi verið notað árstíðabundið undir lokin.




Mynd 30. Nærmynd af góflögum [557] og [546]. Á myndinni má sjá sandlög á milli góflaga auk þess glansa góflögin vegna þess hve feit þau eru. (Mynd tekin í N)

Yngsta góflagið í búðinni var góflag [546], náði það yfir nær allan vesturhelming mannvirkisins. Gólfíð var mjög feitt, grátt til ljósbrúnt á lit, það var torfblandað með einstaka kolum í. Við uppgröft brotnaði lagið og er það talið vera vegna þess hve fituríkt það var.



Mynd 31. Yfirlitsmynd af svæði B. Vestan við mannvirkíð er gryfja og norðan við hana er annað mannvirki, eingöngu hluti veggjarins hefur verið grafinn fram af því mannvirki. (Mynd tekin í S)



Mynd 32. Staðsetning yngstu gólfagana í mannvirki B1.

Ofn [568]

Ofn [568] leit að mestu út eins og í eldra byggingarstiginu. Ofninn var 40 cm á lengd, 42 cm á breidd/dýpt og 18 cm á hæð. Hellur ofnsins voru eldsprungnar, sumar nánast rauðar á lit. Yfir móöskulagi [588] sem tilheyrði notkunarstigi I voru lagðar nýjar hellur í botn ofnsins, og þar yfir var svart, *in situ*, brunalag ásamt móöskulagi [570], ekki var hægt að grafa lögin hvort í sínu lagi þar sem svarta lagið var svo þunnt. Móaskan var bleik-appelsínugul, mjög hrein, engin kol eða brennd bein voru í öskunni. Þegar hætt var að nota ofninn hefur hann hrunið að nokkru en suðurhliðar ofnsins fallið til suðurs. Grjót og hellur [567] tilheyra hruninu.



Mynd 33. Yngra notkunarstig ofns [568]. (Mynd tekin í A)



Mynd 34. Hrun [567], á myndinni sést hvernig ofninn hefur hrunið að mestu til suðurs. (Mynd tekin í A)

Veggur [558]

Á þessu byggingarstigi er veggurinn hækkaður, varðveitt hæð er frá 30 til 40 cm. Líklegast hefur eldri veggurinn sigið talsvert og því hefur þurft að hækka hann og bæta. Torfveggur [558] er talsvert frábrugðin eldri vegg [594]. Veggurinn er strenghlaðinn, litríkur, brún-appelsínugulur og brúnn. Torfið sjálft er þétt en hins vegar eru sandlög á milli sem leiðir til þess að hann molnar auðveldlega niður. Torfið hefur að öllum líkindum verið tekið á öðrum stað en torfið í yngra byggingarstigi. Ekki er ólíklegt að það hafi verið tekið í Sandvík, allavega á stað þar sem talsverður sandur hefur verið undir sverði.

Utan mannvirkis

Vestan við mannvirkið var lítill öskuhaugur sem ekki hefur verið fullgrafinn. Þrjú lög voru grafin. Elsta lagið var móöskulag [540], það var nokkuð þétt, grátt með viðaröskulinsum. Innlyksur voru kol og eldsprungnir steinar. Þar ofan á var lag [536], það var laust í sér, svart með gráum og appelsínugulum skellum. Innlyksur voru kol, steinar og brennd bein. Efst í

öskuhaugnum var móöskulag [521], sem var upp við vegginn, þétt en raskað vegna skurðar sem grafinn var 2018. Ekki reyndist unnt að grafa öskuhauginn þetta árið en ef tækifæri gefst er möguleiki að rannsaka frekar hvað fólk aðhafðist í mannvirkinu, er munur á öskuhaugnum í notkunarskeiði I og notkunarskeiði II þar sem notkun hússins er talin hafa verið mjög frábrugðin? Einnig gefst tækifæri til þess að bera saman öskuhaug sem talinn er tilheyra venjulegu íveruhúsi og öskuhaug sem tilheyrir notkun smáhýsis.

Notkunarskeið III

Lög í notkunarskeiði III tengjast öll því tímabili þegar hætt var að nota bygginguna. Lög [537], [534], [529], [504] og [519] eru hrun, þau þrjú fyrrnefndu eru hrun úr veggjum en lag [519] er gráleitt, torfblandað lag sem liggur ofan á eldsprungna grjótinu norðan við ofninn, ekki er alveg ljóst hvort það er hrun eða hvort torf hefur visvitandi verið lagt yfir eldsprungna grjótið einhverra hluta vegna. Öll eru þessi lög mjög sendin og blönduð. Lög [518] og [516] eru öskulög sem bæði liggja ofan á torfveggnum, sem bendir til þess að enn er verið að nýta svæðið á einhvern máta eftir að húsið fer úr notkun. Síðar hefur tóftin fyllst af sandi, sandlag [507] með fokmoldarlinsum er um 70 cm þykkt, neðst í laginu var hvalbein, beini hefur verið hent í tóftina þegar hún hætt var að nota hana. Það gæti hins vegar bent til þess að annaðhvort hafi lýsisgryfjan verið notuð lengur en mannvirkið eða að mannvirkið norðan við smáhýsið hafi enn verið í notkun þegar notkun smáhýsisins lagðist af. Svört sótlinsa [503] var að auki í sandinum en þar fyrir ofan var eingöngu sandur [500] upp að grasrót.




Mynd 35. Sandlag [507] sem fyllti tóft B1 á svæði B. (Mynd tekin í SA)



Mynd 36. Bjössi heldur á hvalbeininu (SAN20-08-2) sem fannst í sandlagi [504].

Mannvirki 2

Um það bil 1 m norðan við mannvirki 1, í norðausturhorni svæðisins var grafinn fram torfveggur [548], hann er að því er virðist hlaðinn ofan á torfhrun úr mannvirki 1. Þrátt fyrir það er talið að mannvirkið sé samtíða yngra notkunarstigi hússins og að hluta til gryfjunni. Veggurinn er tiltölulega vel varðveittu. Hann er strenghlaðinn, appelsínugulur-brúnn á lit, og torfið er þétt.



Mynd 37. Teikning sem sýnir afstöðu gryfjunnar og mannvirkjanna tveggja.




Mynd 38. Torfveggur [548], sunnan við vegginn má sjá mannvirki 1. (Mynd tekin í S)

Mannvirki 3


Gryfja

Um 1 m norðvestan við mannvirki 1, undir um 3 m af sandi, var gryfja, sem grafin var í gegnum ruslalög og torfhrun, Sýnileg lengd gryfjunnar var um 3,4 m en ekki er ljóst hversu breið hún hefur verið þar sem hún var eingöngu rannsökuð að hluta. Dýpt hennar var um 1,2 m. Gryfjunni var hægt að skipta í tvö notkunarskeið. Efst í gryfjunni og við hana var torhrun [542], líklegast hrun úr yngri torfvegg búðarinnar, [558]. Hrunið var frekar þétt í sér, brún-appelsínugult torf með sandlinsum, einstaka eldsprungnir steinar voru í laginu. Austan við torfhrun [542] var feitt lag, mjúkt og lífrænt [543], var það hluti af yngstu fyllingunni í gryfjunni. Undir lögum [542] og [543] var áfokslag [544] sem hefur myndast þegar ekki var verið að nota gryfjuna. Undir því var annað afar feitt lag [554] og er talið að lagið samanstandi aðallega af lýsi og lyktaði það eftir því. Lögin í gryfjunni voru lagskipt, fitulög og áfokslög inn á milli. Lag [555] og [565] voru sendin áfokslög og var feita lífræna lagið [562] á milli. Niðurgröftur [549] tilheyrir yngra notkunarskeiði og virðist hafa verið grafinn niður í eldri gryfju, eða jafnvel við hreinsun upp úr henni. Undir yngra notkunarskeiðinu var þykkt einsleitt svart, hreint sandlag. Undir sandlaginu tók við nýr fasi [566] sem var í raun grafinn sem eitt lag en undir því voru að minnsta kosti sex lífræn lög með þunnum sendnum lögum á milli, líkum þeim sem var lýst að ofan. Komið var svo niður á sendin jarðlög sem marka fasaskil. Þessi jarðlög eru nokkur, en flest eru sendin áfokslög, þó nokkur (sérstaklega fyrir miðju) líti út fyrir að vera ruslalög. Ekki reyndist unnt að gráfa dýpra þar sem komið var niður fyrir vatnsborð, ferskt vatn spratt upp í botni gryfjunnar og því var uppgreftri sjálfhætt.

Notaður var borkjarni til að kanna dýpt ógrafinna mannvistarlaga en það gekk ekki vel vegna bleytu.




Mynd 39. Í horninu á teikningunni er sá hluti lýsisbræðslugryfjunnar sem grafinn var á þessu uppgrافتartímabili.



Mynd 40. Sniðteikning af gryfjunn

Eining	Lýsing
543	Mjúkt ljósgrátt lífrænt lag, vestan við búð.
544	Áfok og torflinsur í gryfju ásamt lífrínu lagi þar undir. Þétt til laust í sér, brún-appelsínugult og ljós grátt. Sendin silt og lífrænt
554	Lífrænt feitt lag í gryfju - lýsi
555	Sendið lag í gryfju á milli bruna?
562	Fituríkt lag í gryfju, í tvennu lagi, áfökslög á milli, þétt
565	Afokssandur sem liggur frá og yfir NA brún gryfju og að hluta til ofan í hana. Lagið er laus í sér, dökkbrúnt til þess að vera svart, svartur sandur með einstaka torfblettum, einstaka viðarkol
566	Fitulög með sandlinsum á milli. Mjúkt og laust í sér, ljósgrátt. Einstaka eldsprungnir steinar, brotnir. Lagið er um 3-15 cm þykkast í botni gryfju

Vegna þessara fitumiklu laga er talið að gryfjan hafi verið notuð til lýsisbræðslu. Gryfjan hefur verið notuð í fjölmörg skipti þar sem mörg áfokslög voru á milli fitulaganna. Í og við gryfjuna sem og í mannvirkinu sjálfu voru eldsprungnir steinar, svo að öllum líkindum hafa steinar verið hitaðir í ofninum þar og svo fluttir yfir í gryfjuna til þess að bræða spikið. Slíkar gryfjur eru vel þekktar í Noregi, sérstaklega í norðurhluta landsins. Norsku gryfjurnar (N. *Hellegrøp*) eru að meðaltali um 2-4 m á lengd, 1-2 m á breidd og frá 0,3 m til 1 m á dýpt. Sumar þeirra eru hellulagðar en aðrar niðurgrafnar. Að því er Gørill Nilsen, fornleifafræðingur segir voru gryfjur sem þessar í notkun frá 0 – 1200 e.Kr. og voru hvað algengastar á milli 600 og 900 e.Kr. Íðulega eru hrúgur af eldsprungnu grjóti í eða við gryfjurnar (Nielsen 2016). Verkþekkingin við lýsisbræðslu þessum gryfjum því miður glatast en tilraunir hafa verið gerðar héraendis og í Noregi sem hafa leitt í ljós hvernig þetta ferli hefur mögulega átti sér stað. Í stuttu máli er talið að ferlið hafi verið á þessa leið: Gryfja var grafin, eins og áður hefur komið fram, annað hvort hellulögð eða ekki. Selskinn var lagt í botn gryfjunnar og sneru hár niður á við, það var gert til að koma í veg fyrir að lýsið fari beint í jarðveginn. Steinar, um 15-20 cm í þvermál, voru hitaðir í eldi, þegar þeir voru orðnir nægilega heitir voru þeir fluttir yfir í lýsisbræðslugryfjuna, spik var lagt ofan á grjótið og þurfti að passa vel upp á hitastigið svo að ekki yrði eldur laus í spikinu. Reynt var að halda hitastiginu á spikinu í kringum 80-200°C, það mátti hins vegar ekki fara undir 70°C því þá hætti bræðsluferlið. Mismunandi aðferðir voru notaðar eftir dýrategundum en samkvæmt Gørill Nilsen hefur reynst heppilegra að hafa margar litlar gryfjur í röð í stað þess að hafa færri stærri gryfjur (Nielsen 2016). Í Búðarvogsvík á Bjarnarnesi, sem er næsti bær norðaustan við Bæ, eru naust og ásamt mögulegum lýsisbræðslugryfjum sem eru í kringum 0,5-0,8 cm í þvermál sem er í góðu samræmi við það sem þekktist í Noregi (Lísabet Guðmundsdóttir 2020).



Mynd 41. Uppmæling minja í Búðarvogsvík sem sýnir mögulegar lýsisbræðslugrafir

Hins vegar er gryfjan í Sandvík í stærri kantinum og er enn óþekkt hvernig hefur tekist að halda nægilegum hita í þeim til þess að bræða lýsið en að öllum líkindum hefur verið hlaðið yfir þær. Þess ber einnig að geta að Olavius skrifar um lýsisgryfjur í ferðabók sinni en þær eru af öðrum toga en þær norsku. Þar stendur að lýsis- eða lifragryfjur séu á hverjum bæ, þar sem menn hafa ekki efni á tunnum eða kerum. Gryfjurnar eru grafnar í þéttan og fastan jarðveg, sem ekki er algengur hér á landi. Sömu gryfjurnar eru notaðar ár eftir ár, þegar jarðvegurinn er orðinn gegnsósa af lýsinu, verður hann harður og þéttur, svo ekki tapast mikið af því, meðan lifrin er geymd í gryfjunni þar til hún er brædd (Ólafur Olavius 1964). Gryfjan í Sandvík tel ég sé full-stór til þess að geyma lifur og spurning hvort jarðvegur hafi verið nægilega þéttur. Hins vegar er ekki hægt að útiloka það eins og er.

Samantekt

Við rannsókn árið 2018 kom í ljós mannvirki sem var talið vera búð sem notuð var árstíðabundið, ástæðan fyrir þeirri ályktun var að milli gólflaga voru sandlög sem benda til þess að sandur hafi fokið inn í mannvirkið á milliþess sem það var í notkun (Guðmundsdóttir 2019). Rannsóknin í ár leiddi í ljós að notkun mannvirkisins var ekki ávallt á árstíðabundnum grundvelli. Upphaflega var mannvirkið nýtt til spuna og jafnvel vefnaðar, aftur á móti fundust ekki í því kljásteynar sem nauðsynlegt er að hafa við hendina þegar ofið er. Hins vegar fannst snældusnúður sem bendir til þess að þarna hafi verið spunnið. Í gólfum voru pinnaholur í tveimur þyrpingum og er talið að þær tengist einnig spuna. Stærð, lögun, ofn,

gripir og pinnaholur minna um margt á jarðhýsi sem finnast á flestum víkingaaldar bæjarstæðum á Íslandi. Guðmundur Ólafsson gróf upp jarðhýsi á Grelutóttum og Hjálmsstöðum og telur að í jarðhýsum hafi verið aðstaða fyrir kvenfólk en leiðir einnig rök að því að þau hafi verið baðhús (Ólafsson 1992, Ólafsson 1980). Karen Milek (Milek 2012) tók saman yfirlit yfir jarðhýsi á Íslandi og helstu einkenni þeirra sem eru stærð, hellulagðir ofnar, pinnaholur, eldsprungnir steinar ásamt gripum tengdum spuna og vefnaði. Milek tekur undir kenningu Guðmundar um að í jarðhýsum hafi verið aðstaða fyrir kvenfólk á víkingaöld. Þrátt fyrir að mannvirkið í Sandvík sé ekki niðurgrafið þá tel ég að upphaflegt hlutverk mannvirkisins hafi verið áþekkt hlutverki fjölmargra jarðhýsa á Íslandi. Þess ber að geta að álíka smáhýsi var grafið á Auðkúlu í Arnarfirði sumarið 2020 (Margrét Hrönn Hallmundsdóttir munnleg heimild). Nýting á húsinu breytist síðar meir, ekki er ljóst af hverju svo er, en ef til vill hefur bæjarstæðið verið flutt og búseta breyst. Þá virðist nýting hússins tengjast auðlindanýtingu og er að öllum líkindum árstíðarbundin, þar sem fín sandlög eru á milli gólfлага. Samtíða þessu notkunarkeiði er gryfja sem er talin tengjast lýsisbræðslu, auk þess var annað mannvirki hlaðið norðan við tóftina. Því er talið að mannvirkið tengist viðdvöl? einstaklinga sem stunduðu lýsisbræðslu. Lábarðir steinar voru hitaðir í ofninum og voru síðan fluttir yfir í gryfjuna til þess að bræða spikið. Gólfög, sérstaklega þau yngstu eru töluvert feitari viðkomu en úr eldra notkunarstigi hússins, því kann einhverskonar frekari vinnsla á lýsinu hafa átt sér stað í mannvirkinu.

Niðurstöður

Minjarnar í Sandvík eru frá landnámsöld og benda til þess að búseta hafi hafist á Ströndum samtíða öðrum svæðum á landinu en ekki síðar eins og oft hefur verið talið. Þrátt fyrir að íveruhús hafi enn ekki fundist né verið rannsökuð benda minjarnar til þess að þarna hafi að öllum líkindum verið föst búseta, hún hefur hins vegar lagst af tiltölulega snemma en ekki er ljóst hvenær það hefur verið. Annað hvort var búið að ofnýta þær auðlindir sem ábúendur nýttu eða bæjarstæðinu var einfaldlega fundinn nýr staður og kemur þá helst til greina að það hafi verið fært norðar, þangað sem bæjarstæði Bæjar II er nú en þar er talið að bæjarhóllinn hafi verið. Rannsóknir í Skagafirði hafa sýnt fram á að fjölmörg smábýli voru stofnuð við landnám sem flest lögðust af fyrir 1100 (Douglas). Ef til vill er um svipað mynstur að ræða á Ströndum. Sjávarnytjar léku stórt hlutverk í lífi Sandvíkinga, þar var fiskur unninn

